



Nefndarsvið Alþings
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum á 139. löggjafarþingi, þskj. 116 – 108. mál
Tilv. 2010110001

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 22. október 2010.

Bændasamtök Íslands telja frumvarpið mikla réttarbót fyrir skuldara frá því sem er í dag. Hins vegar telja Bændasamtökin ástæðu til þess að benda á að þau telja of mikið svigrúm gefið til túlkunar á ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það er ekki ljóst hvað við er átt þegar talað er um sérstaka hagsmuni lánardrottins af því að fá dóm fyrir kröfu sinni svo og þegar talað er um að líkur megi telja á því að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma. Bændasamtök telja ráðlegt að skýra betur hvað við er átt en lagabreyting þessi mun ekki gagnast þeim sem henni er stefnt að ef lagagrundvöllur fyrir því að fá dóm fyrir viðurkenningu á fyrningarslitum er óljós og lagaheimild fyrir slíkum slitum er of opin.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur